

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. nr. 916/2001, með síðari breytingum, sbr. rg. nr. 15/2003 (tók gildi 9. jan 2003), rg. nr. 898/2003 (tók gildi 1. jan 2004), rg. nr. 540/2004 (tók gildi 30. júní 2004), rg. nr. 848/2004 (tók gildi 1. nóvember 2004), rg. nr. 1057/2007 (tók gildi 1. mars. 2008) og rg. nr. 1044/2010 (tók gildi 1. apríl 2011).

I. KAFLI Einkaleyfi 1. gr. ¹⁾

Fyrir umsóknir um einkaleyfi og yfirfærðar alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir skal greiða eftirtalin gjöld:

	Kr.
[1. Umsóknargjald skv. 5. mgr. 8. gr. einkaleyfalaga nr. 17/1991 (ell.) og gjald fyrir yfirfærða einkaleyfisumsókn skv. 31. gr. ell.:	
a. grunngjald:	47.000
b. viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu:	3.000
2. Umsóknargjald fyrir umsókn sem lögð er inn í samræmi við 38. gr. ell.:	
a. grunngjald:	47.000
b. viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu:	3.000] ³⁾
3. Gjald skv. 36. og 37. gr. ell.	40.000
4. Viðbótargjald vegna viðbótarfrests til að leggja inn tilskilda þýðingu vegna yfirfærðrar umsóknar skv. 3. mgr. 31. gr. ell.	12.500
[5. Endurupptökugjald skv. 3. mgr. 15. gr. eða 3. mgr. 19. gr. ell.	8.000
ef umsókn hefur áður verið endurupptekin	15.000] ⁴⁾
6. Umsýslugjald fyrir milligöngu varðandi nýnæmisrannsókn hjá alþjóðlega viðurkenndri stofnun skv. 9. gr. ell.	5.500
[7. Umsýslugjald fyrir alþjóðlega umsókn skv. 4. tölul. 2. mgr. 66. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl. (rg. ell.).....	15.000
8. Útgáfugjald skv. 1. mgr. 19. gr. ell.	
a. grunngjald fyrir fyrstu 40 blaðsíður einkaleyfisskjals (lýsing, einkaleyfiskröfur, teikningar og ágríp)	20.000
b. viðbótargjald fyrir hverja síðu umfram 40	1.000
c. viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við þær sem greitt var fyrir við innlagningu umsóknar	2.000
9. Staðfestingargjald (útgáfugjald skv. 2. tölul. 1. mgr. 77. gr. ell.).....	22.000
10. Gjald fyrir endurútgáfu einkaleyfis skv. 2. mgr. 23. gr. eða 2. mgr. 40. gr. b ell.	20.000
11. Gjald fyrir útgáfu leiðréttrar þýðingar skv. 1. mgr. 86. gr. ell.	20.000] ⁵⁾
[12.] ²⁾ Rannsóknargjald fyrir umsókn sem lögð var inn fyrir 1. janúar 1992 og send verður í nýnæmisrannsókn skv. viðauka I í auglýsingu nr. 575/1991 um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir	30.000
[13. Beiðni um takmörkun á verndarsviði einkaleyfis skv. 40. gr. a ell.....	20.000] ⁶⁾

1) Rg. nr. 898/2003, 1. gr. (gildir frá 1. janúar 2004)

2) Rg. nr. 848/2004, 1. gr., e) liður (gildir frá 1. nóvember 2004)

3) Rg. nr. 1044/2010, 1. og 2. tl. 1. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

4) Rg. nr. 1044/2010, 3. tl. 1. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

5) Rg. nr. 1044/2010, 4. – 8. tl. 1. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

6) Rg. nr. 1044/2010, 9. tl. 1. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

2. gr. ¹⁾

[Árgjöld fyrir einkaleyfisumsóknir og einkaleyfi skv. 5. mgr. 8. gr., 40.-42. gr., 81. og 98. gr. ell. eru sem hér segir:

Gjaldár	kr.	Gjaldár	kr.
1.	8.000	5.	10.000
2.	8.000	6.	11.000
3.	8.000	7.	12.000
4.	9.000	8.	13.500

	kr.		kr.
9.	15.000	15.	28.000
10.	16.500	16.	31.000
11.	18.000	17.	34.500
12.	20.000	18.	38.000
13.	22.000	19.	42.000
14.	25.000	20.	46.000] ³⁾

Árgjald, sem greitt er innan sex mánaða frá gjalddaga skv. 3. mgr. 41. gr., [3. mgr. 42. gr. eða 81. gr. ell.]²⁾, skal hækka um 20%.

1) Rg. nr. 898/2003, 2. gr. (gildir frá 1. janúar 2004)

2) Rg. nr. 848/2004, 2. gr., b) liður (gildir frá 1. nóvember 2004)

3) Rg. nr. 1044/2010, 2. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

3. gr.

[Gjöld fyrir einkaleyfi, sem veitt eru í samræmi við eldri lög, skv. 92. gr. ell., á grundvelli umsókna sem lagðar hafa verið inn fyrir 1. janúar 1992, sbr. 94. gr. ell., skulu vera sem hér segir:]¹⁾

1. Fyrir einkaleyfi sem getur náð allt að fimmtán ára gildistíma, talið frá útgáfudegi:

	Kr.
a. fyrir 1.– 5. ár gildistímans	26.400
b. fyrir 6.– 10. ár gildistímans	62.400
c. fyrir 11.– 15. ár gildistímans	115.200

2. Fyrir einkaleyfi sem getur náð allt að tuttugu ára gildistíma, talið frá umsóknardegi, greiðast árgjöld skv. 2. gr.

Við veitingu einkaleyfisins skal, innan þriggja vikna frá því að umsækjanda var tilkynnt um leyfisveitinguna, greiða gjald fyrir fyrstu fimm ár gildistímans frá útgáfudegi. Að öðrum kosti fellur einkaleyfið úr gildi skv. 51. gr. ell.

Ef greiðsla árgjalda af umsókn hefur hafist skv. [2. mgr. 98. gr.]²⁾, sbr. 41. gr. ell., áður en einkaleyfi er veitt skal draga frá viðkomandi gjaldi þann hluta árgjalds yfirstandandi gjaldárs, sem skarast við gjald skv. 1. tölul. 1. mgr. Umræddur hluti árgjalds skal reiknast eftir hlutfallinu: *fföldi eftirstandandi daga gjaldárs/365*. Þegar gildistíminn miðast við tuttugu ár (2. tölul. 1. mgr. á við) skal greiða fyrir þau gjaldár til viðbótar yfirstandandi gjaldári þannig að greiðslutímabilið verði sem næst fimm ár talið frá útgáfudegi einkaleyfisins.

Gjalddagi vegna 2. og 3. gildistímabils, sbr. 1. tölul. 1. mgr., er sá almanaksdagur í upphafi hvors tímabils sem svarar til útgáfudags einkaleyfisins. Gjalddagi síðari árgjalda, sbr. 2. tölul. 1. mgr., er síðasti dagur fyrsta almanaks mánaðar í gjaldári. Frestur til að greiða þessi gjöld er sex mánuðir og, sé hann nýttur, hækka gjöldin um 20%. Einnig er heimilt að greiða þessi gjöld allt að þremur mánuðum fyrir gjalddaga.

Fjárhæð árgjalds af einkaleyfi, sem gjaldfellur í fyrsta sinn og veitt hefur verið eftir 1. janúar 1992 í samræmi við eldri lög og gilt getur allt að tuttugu ár talið frá umsóknardegi, er skv. 2. gr. og miðast gjaldár við aldur viðkomandi umsóknar. Enn fremur skal fjárhæðin, ef við á, reiknast sem hlutfall af viðkomandi árgjaldi eftir hlutfallinu: *fföldi eftirstandandi daga gjaldárs/365*. Gjalddagi er sá almanaksdagur sem samsvarar útgáfudegi einkaleyfisins við lok gildistímabils sem er að ljúka. Eftir það greiðast árgjöld skv. 2. gr. fyrir eitt ár í senn.

Gjöld fyrir þau einkaleyfi, sem um getur í 5. mgr., og gilt geta í fimmtán ár, talið frá útgáfudegi leyfis, eru skv. 1. tölul. 1. mgr. Gjalddagi er skv. 4. mgr.

1) Rg. nr. 848/2004, 3. gr., a) liður (gildir frá 1. nóvember 2004)

2) Rg. nr. 848/2004, 3. gr., b) liður (gildir frá 1. nóvember 2004)

4. gr.¹⁾

Fyrir umsókn um viðbótarvottorð fyrir einkaleyfi skv. 65. gr. a ell. skal greiða..... 47.000

Árgjald fyrir hvert byrjað gjaldár viðbótarvottorðs skv. 65. gr. a ell. og 51. gr. rg. ell. er	46.000
Árgjald, sem greitt er innan sex mánaða frá gjalddaga, hækkar um 20%.	

1) Rg. nr. 1044/2010, 3. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

	5. gr. ¹⁾	Kr.
Ýmis gjöld vegna umsókna og veittra einkaleyfa:		
[1. Beiðni um innritun í einkaleyfadagbók eða einkaleyfaskrá, svo sem varðandi eiganda- eða aðilaskipti (framsal), uppfinningamann og nytjaleyfi, sbr. 1. mgr. 44. gr. ell. og 9. og 48. gr. rg. ell.		2.500
2. Afrit af almennt aðgengilegri einkaleyfisumsókn (lýsing, einkaleyfiskröfur, ágríp og teikningar) eða af veittu einkaleyfi		1.000
3. Afrit af eintökum skv. 1. mgr. 25. gr. rg. ell. eða af einkaleyfi		1.000
4. Staðfest afrit af skjölum skv. 2. og 3. tölul., m.a. forgangsréttarskjöl		4.000
5. Útgáfa og framsending forgangsréttarskjala skv. 5. tölul. 2. mgr. 51. gr. rg. ell.		4.000
6. Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr einkaleyfaskrá		2.000] ²⁾
7. Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða einkaleyfis		1.900
[8. Endurveitingargjald skv. 72. gr. ell.		24.000] ³⁾

1) Rg. nr. 898/2003, 4. gr. (gildir frá 1. janúar 2004)

2) Rg. nr. 1044/2010, 1. – 6. tl. 4. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

3) Rg. nr. 1044/2010, 7. tl. 4. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

II. KAFLI Vörumerki

6. gr. ¹⁾

Fyrir umsókn um skráningu vörumerkis skal greiða:	Kr.
[1. Grunn gjald, einn vöru- eða þjónustuflokkur innifalinn	22.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöru- og/eða þjónustuflokk umfram einn	5.000
3. Fyrir hverja mynd umfram eina þegar merkið er í þrívídd	2.500] ²⁾

1) Rg. nr. 1057/2007, 3. gr. (gildir frá 1. mars 2008)

2) Rg. nr. 1044/2010, 1. – 3. tl. 5. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

7. gr. ¹⁾

Fyrir tilnefningu á Íslandi í umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis eða félagamerkis skal greiða til Alþjóðahugverkastofnunarinnar:	Kr.
[1. Grunn gjald, einn vöru- eða þjónustuflokkur innifalinn	22.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöru- og/eða þjónustuflokk umfram einn	5.000] ²⁾

1) Rg. nr. 1057/2007, 4. gr. (gildir frá 1. mars 2008)

2) Rg. nr. 1044/2010, 1. – 2. tl. 6. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

8. gr. ¹⁾

Fyrir umsókn um endurnýjun vörumerkis skal greiða:	Kr.
[1. Grunn gjald, einn vöru- eða þjónustuflokkur innifalinn	22.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöru- og/eða þjónustuflokk umfram einn	5.000] ²⁾

Fyrir endurnýjun alþjóðlegrar skráningar vörumerkis skal greiða til Alþjóðahugverkastofnunarinnar:	Kr.
[1. Grunn gjald, einn vöru- eða þjónustuflokkur innifalinn	22.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöru- og/eða þjónustuflokk umfram einn	5.000] ³⁾

1) Rg. nr. 1057/2007, 5. gr. (gildir frá 1. mars 2008)

2) Rg. nr. 1044/2010, 1. – 2. tl. 7. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

3) Rg. nr. 1044/2010, 3. – 4. tl. 7. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

9. gr. ¹⁾

	Kr.
Fyrir umsókn um skráningu félagamerkis og endurnýjun skal greiða:	
[1. Grunngjald, einn vöru- eða þjónustuflokkur innifalinn	22.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöru- og/eða þjónustuflokk umfram einn	5.000] ²⁾

1) Rg. nr. 1057/2007, 6. gr. (gildir frá 1. mars 2008)

2) Rg. nr. 1044/2010, 1. – 2. tl. 8. gr. (gildir frá 1. apríl 2010)

10. gr. ¹⁾

Ýmis gjöld vegna vörumerkja:	Kr.
[1. Beiðni um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga	3.000
- fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun	1.500
2. Beiðni um innritun nýs eiganda (framsals) í vörumerkjaskrá	2500
- fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun eða beiðni skv. 1. tölul.	0
3. Beiðni um innritun nytjaleyfis	2.500
4. Beiðni um innritun annarra breytinga í vörumerkjaskrá	2.000] ²⁾
5. Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða skráningar	1.900
[6. Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá	2.000
7. Staðfest afrit umsóknar, forgangsréttarskjal	2.500
8. Útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá	1.000
9. Athugun og mat á því hvort tiltekið vörumerki teljist það líkt skráðu vörumerki eða merki sem sótt hefur verið um skráningu á að ruglingshætta yrði hugsanlega talin vera fyrir hendi ef umsókn yrði lögð inn	4.000
10. Fyrir móttöku og meðhöndlun á umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis, sbr. 47. og 49. gr. vörumerkjalaga	9.000] ³⁾

1) Rg. nr. 898/2003, 9. gr. (gildir frá 1. janúar 2004)

2) Rg. nr. 1044/2010, 1. – 4. tl. 9. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

3) Rg. nr. 1044/2010, 5. – 9. tl. 9. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

III. KAFLI

Hönnun.

11. gr. ¹⁾

Fyrir umsókn um skráningu hönnunar skal greiða:	Kr.
[1. Grunngjald fyrir skráningartímabilið 0 - 5 ár	12.000
2. Grunngjald fyrir skráningartímabilið 5 - 10 ár	15.000
3. Grunngjald fyrir hvert fimm ára skráningartímabil eftir tíu ár	19.000
4. Gjald fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu fyrir skráningartímabilin 0-5 ár og 5-10 ár	5.000
5. Hver hönnun umfram eina í samskráningu fyrir hvert fimm ára skráningartímabil eftir tíu ár	8.000
6. Fyrir birtingu hverrar myndar umfram eina	3.000] ²⁾

1) Rg. nr. 898/2003, 10. gr. (gildir frá 1. janúar 2004)

2) Rg. nr. 1044/2010, 1. – 6. tl. 10. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

12. gr. ¹⁾

Gjald fyrir rannsókn skv. 2. og 3. mgr. 17. gr. laga um hönnun	8.000
Ef krafa um rannsókn kemur fram við innlagningu umsóknar	6.000

1) Rg. nr. 1044/2010, 11. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

13. gr.

Gjöld fyrir endurnýjun skv. 24. gr. laga um hönnun:	Kr.
[1. Fyrsta endurnýjunartímabil (5 – 10 ár), grunngjald	15.000
2. Hver hönnun umfram eina í samskráningu á fyrsta endurnýjunartímabili	5.000
3. Hvert fimm ára endurnýjunartímabil eftir tíu ár, grunngjald	19.000

4. Hver hönnun umfram eina í samskráningu á hverju fimm ára endurnýjunartímabili eftir tíu ár 8.000]¹⁾

1) Rg. nr. 1044/2010, 1. – 4. tl. 12. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

14. gr.

- [Gjöld vegna kröfu um niðurfellingu skráningar skv. 27. gr. laga um hönnun 9.000]¹⁾

1) Rg. nr. 1044/2010, 13. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

15. gr.¹⁾

Ýmis gjöld vegna hönnunar:

	Kr.
[1. Beiðni um innritun nýs eiganda (framsals) eða nytjaleyfis í hönnunarskrá	2.500
2. Útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr hönnunarskrá	1.000
3. Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr hönnunarskrá	2.000
4. Endurupptökugjald skv. 3. mgr. 19. gr. laga um hönnun	8.000
5. Endurveitingargjald skv. 48. gr. laga um hönnun	18.000
6. Fyrir móttöku og meðhöndlun á umsókn um alþjóðlega skráningu hönnunar, sbr. 55. gr. laga um hönnun.....	9.000] ²⁾

1) Rg. nr. 898/2003, 12. gr. (gildir frá 1. janúar 2004)

2) Rg. nr. 1044/2010, 1. – 6. tl. 14. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

IV. KAFLI

Gjöld vegna áfrýjunar.

16. gr.¹⁾

Hámarksgjald vegna áfrýjunar á grundvelli laga um einkaleyfi, laga um vörumerki, laga um hönnun og laga um félagamerki er kr. 80.000

[Áfrýjunargjald greiðist efnahags- og viðskiptaráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun.]²⁾

Sé mál afturkallað áður en áfrýjunarnefnd er fullskipuð, málinu vísað frá áfrýjunarnefnd eða það vinnst skal endurgreiða 60.000 kr.

1) Rg. nr. 15/2003, 3. gr. (gildir frá 9. janúar 2003)

2) Rg. nr. 1044/2010, 15. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

V. KAFLI

Gjöld fyrir þjónustuverkefni.

17. gr.¹⁾

Fyrir þjónustu, sem verður ekki heimfærð undir einingarverð reglugerðarinnar, svo sem umfangsmikla leit, athuganir, úrvinnslu eða tölvuútskriftir á grundvelli upplýsinga í einkaleyfaskrá, vörumerkjaskrá eða hönnunarskrá, greiðist tímagjald:

[1. Sérfræðingar, á klst.	5.000
2. Aðrir starfsmenn, á klst.	3.500
3. Fyrir ljósrit af gögnum varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. greiðist fyrir hverja síðu í stærðinni A4	100] ²⁾

Ef beiðni um ljósritun útheimtir verulega úrvinnslu gagna eða leit í skjalasafni reiknast að auki tímagjald samkvæmt staflíð a eða b eftir því sem við á.

1) Rg. nr. 898/2003, 13. gr. (gildir frá 1. janúar 2004)

2) Rg. nr. 1044/2010, 1. – 3. tl. 16. gr. (gildir frá 1. apríl 2011)

VI. KAFLI
Gjöld fyrir ELS-tíðindi o.fl.
18. gr. ¹⁾

	Kr.
1. Áskriftargjald á ári.....	3.000
2. Útprintun, hvert eintak	300
3. Útprintun úr ELS-tíðindum, hver bls.	10
4. Sérrit, hvert eintak	1.100
5. Áskrift að ágripi vegna birtra og/eða aðgengilegra einkaleyfisumsókna	1.200
6. Ýmsar útskriftir í prentuðu eða fjölrituðu formi, þ.á m. íslensk lög og reglugerðir í erlendri þýðingu eða alþjóðlegir sáttmálar í íslenskri þýðingu.....	220

1) Rg. nr. 540/2004, 4. gr. (gildir frá 30. júní 2004)

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.
19. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari greiðast Einkaleyfastofnnum ef annað er ekki tekið fram.

Gjöld skv. 1.-4. gr. og 7. tölul. 5. gr. endurgreiðast ekki þótt einkaleyfisumsókn verði afskrifuð, henni hafnað eða hún dregin til baka, beiðni um endurupptöku eða endurveitingu verði hafnað eða hún dregin til baka eða þótt einkaleyfishafi kjósi að láta einkaleyfi sitt falla úr gildi.

Gjöld skv. 6., 8., 9., 11. og 13. gr. skulu greidd við afhendingu umsóknar. Gjöld þessi verða ekki endurgreidd þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 63. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og 36. gr. og 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun, og öðlast gildi 1. janúar 2002 að undanskilinni 7. gr. og 2. mgr. 8. gr., sem taka gildi 1. apríl 2002.

Jafnframt falla úr gildi eldri reglugerðir nr. 673/1996, 312/1997, 313/1997, 603/1997, 703/1997, 642/1998, 193/1999, 505/1999 og 683/2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Gildistökuákvæði reglugerðar nr. 15/2003

Reglugerð nr. 15/2003

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 63. gr. laga nr. um vörumerki, 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun og 9. gr. laga nr. 155/2002 um félagamerki, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. janúar 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

Gildistökuákvæði reglugerðar nr. 898/2003

Reglugerð nr. 898/2003

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun, og 9. gr. laga nr. 155/2002 um félagamerki, öðlast gildi 1. janúar 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 1. desember 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

Gildistökuákvæði reglugerðar nr. 540/2004

Reglugerð nr. 540/2004

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. júní 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Pormóðsson

Gildistökuákvæði reglugerðar nr. 848/2004

Reglugerð nr. 848/2004

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. nóvember 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. október 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

Gildistöku ákvæði reglugerðar nr. 1057/2007

Reglugerð nr. 1057/2007

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og 9. gr. laga nr. 155/2002 um félagamerki, öðlast gildi 1. mars 2008.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. nóvember 2007.

Össur Skarphéðinsson.

Kristján Skarphéðinsson.

Gildistökuákvæði reglugerðar nr. 1044/2010

Reglugerð nr. 1044/2010

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun og 9. gr. laga nr. 155/2002 um félagamerki, öðlast gildi 1. apríl 2011.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 28. desember 2010.

Árni Páll Árnason.

Helga Jónsdóttir.